

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma vegna brota á reglum um grásleppuveiðar, sbr. ákvæði laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 58, 18. janúar 1996, um hrognkelsaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

9. febrúar 1998

Nr. 76

AUGLÝSING

um leyfilegan loðnuafra grænlskra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1997/1998.

1. gr.

Leyfilegur hámarksafli grænlskra, norskra og færeyskra skipa af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1997/1998 er þessi:

1. Skipum frá Grænlandi er heimilt að veiða 139.150 lestir á tímabilinu 1. júlí 1997 - 15. febrúar 1998 norðan 64°30'N og 8.000 lestir á tímabilinu 9. febrúar - 30. apríl 1998.
2. Skipum frá Noregi er heimilt að veiða 80.490 lestir á tímabilinu 1. júlí 1997 - 15. febrúar 1998 norðan 64°30'N.
3. Skipum frá Færeyjum er heimilt að veiða 21.225 lestir á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 1997 norðan 64°30'N og 15.000 lestir á tímabilinu 20. janúar - 30. apríl 1998.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 374, 20. júní 1997, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 51, 26. janúar 1998, um leyfilegan loðnuafra grænlskra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1997/1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.